Skóla-akur

Vefrit um skólamál 18. tbl. 6. árg. 22. nóvember

Nemendur Hlíðarskóla hafa nú lokið við að skreyta glugga verslunarinnar Eymundsson en það hafa þeir gert undanfarin ár. Að venju eru gluggarnir glæsilegir.

Áskorun í Skóla - akri.

Leikskólinn Kiðagil skoraði á leikskóladeild Grímseyjarskóla að segja frá daglegu starfi í máli og myndum. Vegna forfalla í leikskóladeildinni verður umfjöllunin birt í næsta tölublaði.

Þróunarverkefni í Brekkuskóla.

Í Brekkuskóla er unnið þróunarverkefni sem ber yfirskriftina „Rafrænt nám í Brekkuskóla". Það gengur út á það að þróa aðferðir til að auka fjölbreytni í kennslu með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni.
Meginmarkmið með verkefninu eru m.a.:

- að efla sjálfstæði nemenda í námi
- að auka gæði og fjölbreytni í kennsluaðferðum
- að fækka niðurfelldum kennslustundum
- að auka þekkingu og efla endurmenntun kennara á sviði upplýsinga- og samskiptatækni
- að nemendur læri að nýta tölvu- og upplýsingatækni í námi á hagnýtan hátt í einstaklingsmiðuðu námi
- að bæta líðan og áhuga nemenda í námi
- að meta allt vinnuframlag nemenda óháð staðsetningu og taka tillit til þess í heildarskipulagi námsins
- að skipuleggja hluta náms sem rafrænt nám með aðgangi að tölvuveri og leiðbeinandi aðstoð frá kennara.

Jafnhliða þróunarverkefninu vinnur skólinn í samstarfi við InfoMentor að því að nýta nýja einingu í InfoMentor sem heldur utan um rafræna hluta námsins. Þessa dagana er verið að prófa rafrænt nám í dönsku á meðan kennarinn er erlendis að sinna Comeniusarverkefni skólans.

Unnið er að gerð skólanámskrár í tölvu- og upplýsingatækni þar sem áhersla í hverjum árgangi kemur fram. Skólinn stefnir að því að kenna forritun í auknum mæli og leggja þannig grunn að frumkvæði og nýsköpun nemenda í stað þess að ala eingöngu upp neytendur tölvuleikja.

Nemendum gefst kostur á að skipuleggja nám sitt með aðstoð kennara og leysa verkefni með rafrænum hætti. Aðgangur að tölvuveri skólans er lykilatriði, en auk þess geta nemendur fengið aðgang að þráðlausu neti skólans fyrir eigin tölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma. Verkefnum í rafræna náminu skila nemendur rafrænt í tölvupósti til kennara.

„E- learning is beginning to take off. Soon it will be just as important to schooling as airplanes are to travel“ (William D. Eggers, 2007).

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Grunnskóli á grænu ljósi.

Grunnskóli á grænu ljósi er yfirskrift átaks í umferðaröryggismálum í grunnskólum sem þrír ráðherrar hrundu formlega af stað í gær. Skrifuðu ráðherrarnir undir bréf sem sent verður grunnskólum og hnykkt á þremur mikilvægum öryggisatriðum sem eru: notkun endurskinsmerkja, öruggar ferðaleiðir og öryggi barna er nota skólabíla.
Átakið er sameiginlegt verkefni þriggja ráðuneyta og undirstofnana, þ.e. innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og Guðbjartur Hannesson skrifuðu undir bréfið að viðstöddum ungum nemendum og nokkrum gestum. Fluttur var kafli úr umferðarleikriti leikhópsins Lottu og nemendur fluttu tónlist.
Sjá nánar: http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28323

Rafbókagjöf .

Grunnskólanemum stendur til boða að nálgast átta rafbækur eftir Þorgrím Þráinsson á rafbókaveitunni emma.is, og lesa eins og þá lystir. Bækurnar höfða til breiðs hóps lesenda allt frá 1.-10. bekkjar. Hugmyndin með þessari bókagjöf er að hvetja krakka og unglinga til aukins yndislesturs. Einnig er í gangi „rafkápukeppni" þar sem skólakrökkum gefst kostur á að setjast niður og hanna nýjar bókakápur á sex af bókum Þorgríms. Nánari upplýsingar má finna á síðunni www.emma.is/rafkapur

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

16. nóvember - Dagur íslenskrar tungu.

Heilmikið var um að vera í skólum bæjarins á þessum degi. Nemendur Oddeyrarskóla gerðu sér dagamun og er þessi frétt tekin af heimasíðu skólans. Þema dagsins á unglingastigi voru þjóðsögur. 8. bekkur heimsótti Brekkuskóla og flutti þar leikverk um Bakkabræður, 9. bekkur fór í Síðuskóla og flutti leikþátt um Djáknann á Myrká og 10. bekkur fór í Lundarskóla þar sem nemendur fluttu leikþátt um Djáknann á Myrká í nútímaútfærslu. Nemendur á miðstigi fengust við ýmis verkefni, s.s. að velta fyrir sér nýyrðum og málfari, botna vísur og flytja ljóð, leika sér með orð dagsins og margt fleira. Dagurinn markar einnig upphaf stóru upplestrarkeppninnar sem 7. bekkur tekur þátt í. Yngstu nemendur skólans fengu Brynhildi Þórarinsdóttur rithöfund í heimsókn. Hún las úr nýju bókinni sinni Blávatnsorminum og talaði við börnin um bækur og lestur. Nemendur fjórða bekkjar fóru auk þess á leikskólann Iðavöll og lásu fyrir börnin þar.

Sigurvegarar í leitinni að Grenndargralinu.

Í haust hefur staðið yfir leit að Grenndargralinu með þátttöku frá nemendum á unglingastigi í grunnskólum Akureyrar. Nú er gripurinn fundinn og það eru tveir nemendur úr 8. bekk Naustaskóla, þær Heiðrún og Sóley sem urðu hlutskarpastar í leiknum þetta árið.

Skákmeistarar í Lundarskóla.

Þeir Jón Kristinn Þorgeirsson og Símon Þórhallsson nemendur í 8. bekk Lundarskóla kepptu á Íslandsmóti pilta í Reykjavík fyrr í nóvember. Þetta er flokkur 13 ára og yngri. Er skemmst frá því að segja að Jón Kristinn vann sigur í flokknum og er því Íslandsmeistari, en Símon varð í þriðja sæti.

Hulduheimar.

Nafnanefnd hefur komist að niðurstöðu um það hvert verður nýtt nafn sameinaðs leikskóla Holtakots og Síðusels. Nafnið Hulduheimar varð fyrir valinu.

Góður árangur.

Í byrjun nóvember fór fram pianókeppni Epta í Salnum í Kópavogi en Epta eru samtök evrópskra pianókennara. Keppt var í þremur flokkum:
1. flokkur 14 ára og yngri,
2. flokkur 18 ára og yngri og
3. flokkur 25. ára og yngri. Fulltrúi Tónlistarskólans á Akureyri var hinn 14 ára gamli Alexander Smári Kristjánsson Edelstein sem keppti í fyrsta flokki og lenti þar í fyrsta sæti. Kennari hans er Þórarinn Stefánsson.

Frétt frá Brekkuskóla.

Nokkrir drengir í 10. bekk Brekkuskóla völdu sér að aðstoða við kennslu í 1. bekk í aðdraganda árshátíðar skólans. Þessi starfskynning var kærkomin fyrir þá sem fundu sig ekki í skemmtiatriðum eða undirbúningi árshátíðar. Drengirnir tóku hlutverkið alvarlega og leystu það vel af hendi. Þeir voru leiðbeinandi og styðjandi þegar nemendur fengust við verkefni sem kennari lagði fyrir. Þeir komu fram við nemendur af virðingu og nemendum 1. bekkjar virtist líka vel við þessa kærkomnu viðbót í kennslustundum.

Skólavarðan er komin út.

Nálgast má nýja Skólavörðu 2. tbl. 2012 á vef Kennarasambandsins. Meðal efnis í blaðinu er ítarleg umfjöllun um málþing um starfsþróun kennara á öllum skólastigum. Sjá á: http://ki.is/utgafa/skolavardan_2.tbl.2012/

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 6. desember 2012